

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

2016/EES/29/27

nr. 60/2015

frá 20. mars 2015

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/103/ESB frá 21. nóvember 2014 um þriðju aðlögun á viðaukunum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum að framförum á sviði vísinda og tækni <sup>(1)</sup>.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 13c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32014 L 0103**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/103/ESB frá 21. nóvember 2014 (Stjtið. ESB L 335, 22.11.2014, bls. 15).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2014/103/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 21. mars 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist <sup>(\*)</sup>.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. mars 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 335, 22.11.2014, bls. 15.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.